

Óskar Sigurðsson, lögmaður
LEX lögmannsstofu
Borgartúni 26
105 Reykjavík.

Reykjavík, 18. september 2019.

Varðar áfrýjun f.h. Hauks Einarssonar á úrskurði dómnefndar Greifatorfærunnar, vegna torfærukeppnikeppni sem haldin var 17. ágúst 2019 á Akureyri.

Í áfrýjuninni, sem er dagsett 21. ágúst sl., eða fjórum dögum eftir umrædda keppni, er málavöxtum og málsástæðum lýst eins og þeir horfa við áfrýjanda. Engra formlegra gagna nýtur í málinu um áfrýjun eða tilkynningu um áfrýjun fyrr en á fyrrgreindu tímamarki.

Í reglum um Íslandsmeistaramót í torfæru nýtur ekki skýrra og afdráttarlausra ákvæða um frest til áfrýjunar eftir að dómnefnd mótsins hefur lagt sinn dóm á kæruna á vettvangi, áður en keppninni lýkur formlega með tilkynningu úrslita og e.a. verðlaunaafhendingu. Regluverkið að baki keppni sem þessarar er þrífætt; keppnisreglur viðkomandi keppni, reglur AKÍS og loks reglur Federation Internationale de L'Automobile, FIA, þ.e. International Sporting Code (ISC). Réttihæð þessara réttarheimilda er þannig háttáð að keppnisreglur víkja fyrir reglum AKÍS sem aftur víkja fyrir reglum ISC hjá FIA. Í grein 15.3 í ISC er fjallað um framkvæmd áfrýjunarheimildarinnar eða "APPEAL PROCEDURE BEFORE THE NATIONAL COURT OF APPEAL". Í grein 15.3.2.a segir svo að: „They must, however, under pain of forfeiture of their right to appeal, notify the stewards in writing of their intention to appeal within one hour of the publication of the decision.“

Rímar þetta ákvæði enda vel við eðli málss þar sem ljóst er að á tímabilinu frá uppkvaðningu úrskurðar á vettvangi og fram að keppnisslitum þarf að liggja ljóst fyrir hvort um endanleg úrslit sé að ræða eða hvort þau muni sæta áfrýjun. Þýðing skýrrar og formbundinnar málsmeðferðar ætti að vera augljós, enda yrði keppnishald sett í uppnám ef hægt væri að áfrýja og e.a. breyta úrslitum keppni löngu eftir keppnislok.

Í málinu liggur fyrir að áfrýjandi tilkynnti ekki dómnefnd skriflega um þá ætlan sína að áfrýja úrskurði nefndarinnar fyrir formleg keppnislok, hvað þá innan klukkustundar frá uppkvaðningu úrskurðar eins og kveðið er á um í tilvitnuðum reglum. Að þessu virtu er ljóst að áfrýjun Hauks Einarssonar kt. 161089-2819, er ekki tæk til efnislegrar meðferðar af hálfu Áfrýjunardómstóls AKÍS.

f.h. Áfrýjunardómstóls AKÍS

Skúli Bjarnason, hrl., formaður

